

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Höfðahrepp.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur ákveðið árlegt grunnjald vegna sorphirðu kr. 7.000 sem er grundvallað á því að einu sinni í viku sé sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili.

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði hreppsins.

Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar, miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki og/eða starfstöðum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

- a. kr. 7.000 Urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.
- b. kr. 12.000 Urðað magn (áætlað) frá 12 m³ að 48 m³ á ári.
- c. kr. 47.000 Urðað magn (áætlað) yfir 48 m³ á ári.

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samning við sveitarfélög um þjónustu vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt með tveimur jöfnum greiðslum með gjalddögum 1. júní og 1. september.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 8. apríl 1998.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.